



2010

Þjóðarspegilinn

Gáð til veðurs

Rannsókn á veðurgleggni Íslendinga og
hæfileikanum að lesa í náttúruna

Eiríkur Valdimarsson
Terry Gunnell

Félags- og mannvísindadeild
Ritstjórar: Helga Ólafs og Hulda Proppé

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritstýrð grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9935-424-02-0



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Gáð til veðurs

Rannsókn á veðurgleggni Íslendinga og hæfileikanum að lesa í náttúruna

Eiríkur Valdimarsson
Terry Gunnell

Því miður eru allir sjálfmenntaðir veðurfræðingar að hverfa úr sögunni, og er það illa farið. Nú þykjast menn ekki þurfa að góna á skýjafar og önnur einkenni, sem gömlu mennirnir studdust við. Nú treysta menn veðurskeytum og bölvu þeim svo, er út af ber (Halldór Guðmundsson, 1968, bls. 65).

Upphafsorðin eru komin frá bónda í Vopnafirði sem sendi grein um veðurdrauma sína til ritstjóra tímaritsins *Veðrið*. Hann lýsir því í raun best hvernig staða þekkingar á veðurfræðum var í lok sjöunda áratugar síðustu aldar þegar þessi orð voru skrifuð þar sem vísindin voru farin að sinna veðurathugum þjóðarinnar, en um leið að því er virðist með ófullnægjandi hætti samanborið við þá tækni sem eldra fólk kunnir. Hér er skoðað hvernig hinir „sjálfmenntuðu veðurfræðingar“ spáðu í *veðrið* og „og góndu á skýjafar og önnur einkenni“.¹

Hið hversdagslega veður

Það er fátt eins sjálfsagt í hinu hversdagslega lífi og að upplifa mismunandi veðurfar. Án þess að taka eftir því erum við farin að gá út um gluggann að morgni: hvort það sé þoka, súld, sól, snjór, heitt eða kalt. Í kjölfarið, klæðum við okkur og börnin okkar eftir veðri, svo engum verði kalt, engum verði of heitt; kannski svo að veðrið hafi sem minnst áhrif á okkar hversdagsleika.

Veðurspár eru orðnar nákvæmar og aðgengilegar hverjum þeim sem þarf á þeim að halda. Í dag þarf ekki annað en að kveikja á útvarpi, sjónvarpi eða tölvu til þess að fá góða veðurspá, ekki bara fyrir daginn í dag, heldur kannski marga daga í einu. Þannig er það ekki á ábyrgð okkar að spá fyrir um veðrið í framtíðinni, heldur vísindamannanna. Þessi breyting er í raun mjög mikilvæg ef við horfum á þetta út frá tengslum manns og náttúru. Alþýðulegar veðurspár gefa okkur vísbendingar um hvað fólk horfði eftir varðandi veðurfar, eða til að setja þetta í nútímalegra samhengi: Á hverju kveikti fólk þegar það gekk út til að gá til veðurs?

Næmni

Segja má að áður fyrr hafi fólk verið í mun nánara sambandi við náttúruna heldur en í dag þar sem afkoman var nátengd þessari stormasömu sambúð og nauðsynlegt var að

¹ Þessi grein byggir á kafla í MA-ritgerð í þjóðfræði sem unnin var undir handleiðslu Terry Gunnell prófessors 2010. Sú ritgerð fjallar um það hvernig spáð var í veður á öldum áður, en einnig í samtímanum þar sem tekin voru viðtöl við 17 einstaklinga árin 2008-2009 með styrk frá Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands og Þjóðminjasafni Íslands.

kunna að skilja hegðun náttúrunnar eins og vel og aðstæður hverju sinni leyfðu. Margir nota samband dýra og veðurs í því samhengi til að sýna hvert við erum komin og á sama tíma hvernig dýr í dag eru að færast frá náttúrunni þar sem þau standa allt árið inni, t.d. kýr. Þannig má ráða í orðin að húsdýrin séu að fara sömu leið og við mannfólkið. Tengsl veðurs og hegðunar dýra er áberandi í alþýðlegum veðurspám og virðast hafa verið misjöfn en þó er að finna slík dæmi af mörgum tegundum dýra og sum þykja næmari en aðrar. Maðurinn er vitaskuld dýrategund og til eru einnig ýmsar frásagnir af því hvernig hann telur sig finna fyrir breytingum á undan tilteknum veðrum. En það var ekki þar með sagt að maðurinn sjálfur hafi alltaf áttað sig á þeim breytingum, heldur gátu aðrir séð þessar breytingar (rétt eins og er með hegðun dýra sem menn taka eftir).

Nokkuð ber á því að sjómenn kannist við einstaklinga sem hófu að hegða sér einkennilega á undan óveðrum eða veðrabreytingum. Til að mynda sagði einn frá tveimur dagfarsprúðum mönnum sem skyndilega fóru að syngja og tralla og vera með gleðilæti þegar rok var að bresta á (Viðtal 7, Borg./Strand.). Fleiri dæmi eru til af slíkum mönnum. Einn heimildarmaður Þjóðháttasafns Þjóðminjasafns Íslands (ÞÞ) talar um Hafliða nokkurn, en menn miðuðu við að óhætt væri að fiska á meðan hann færi ekki að syngja. En svo var það einn morgun að Hafliði þessi kom upp á lúgarskappann, teygði sig og hoppaði og rak upp hljóð sem áttu að vera einhvers konar söngur. Brugðust skipverjar þá hart við og sigldu í var því fljótlega upp úr því skall á norðaustan aftakaveður svo ekki mátti bíða lengi eftir að Hafliði fór að syngja (ÞÞ 3823, N-Ísafj.). Annar heimildamaður segir frá matsveini sem honum var samtíða til sjós í nokkur ár. Sá var þungur og feitlaginn alla jafna en rétt á undan stormi breyttist þessi maður til mikilla muna. Hann fór að syngja og hlæja og varð léttur á sér þrátt fyrir holdafarið. Eins og áður segir byrjaði þetta áður en veður spilltist en fjarði út þegar hvasst var orðið. Heimildarmaður segir að honum hafi oft verið strítt út af þessu en hann réði ekki við þetta, það var ósjálfrátt og óviðráðanlegt (ÞÞ 7450, Borg.). Hér eru það breytingar á andlegri líðan og hegðun frá hinu eðlilega sem vekja upp spurningar um breytingar á veðri, rétt eins og með skepnur sem byrja að hegða sér undarlega á undan óveðrum, sbr. „kuldagalsi“ í hestum.

Annar flokkur þar sem veður hefur áhrif á næmni fólks er sá sem snertir líkamlegar þjáningar í tengslum við veðrabreytingar. Þar eru gigtarverkir sennilega þekktastir en fáar lýsingar eru jafn áþreifanlegar og sjá má í *Íslenskum þjóðháttum*:

Þá er það algengt, að menn finni það á sér, ef einhver veðrabrigði eru í vændum, helzt íhlaup, stormur eða rigning eða stórhriðar. [...] Þá ískrar og ólmast gigtin, einkum í gamla fólkinu, og lætur ekki undan, fyrr en veðrið er skolið á (Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961).

Slík vísindi hafa gjarnan verið tekin með ákveðnum fyrirvara í vísindasamfélaginu og í grein sem birtist í tímaritinu *Rheumatology* árið 2003 þar sem kannað var sambandið á milli veðurs (loftþrýstings, úrkomu og hitastigs) og eymsla vegna slitgigtar, voru niðurstöður þeirra rannsóknar þær að lítið sem ekkert samband var það á milli (Wilder, Hall og Barrett, 2003). Aftur á móti komust portúgalskir vísindamenn að því að sambandið á milli veðurs og vefjagigtar væri sterkt og því þyrfti að hafa í huga áhrif veðurfars við mat á slíkum gigtarsjúklingum (Miranda o.fl., 2007).

Á Íslandi voru svipaðar rannsóknir gerðar þar sem þetta samband var rannsakað og var það dr. Helgi Tómasson, yfirlæknir á Kleppi, sem stýrði þeim en hann féll frá áður en niðurstöður lágu fyrir (Björn L. Jónsson, 1959). Þrátt fyrir það skrifaði Björn L. Jónsson, veðurfræðingur og læknir, grein í tímaritið *Veðrið* árið 1959 þar sem hann segir frá þessu sambandi veðurs og gigtar, og hvernig ýmsir aðrir kvillar létu á sér kræla þegar loftþrýstingur væri fallandi, svo sem botnlangaköst og höfuðverkjaköst, auk þess sem sjálfsvíg séu tíðari við slíkar aðstæður (Björn L. Jónsson, 1959). Til eru

einnig ýmsar lýsingar frá fyrstu hendi þar sem fólk lýsir sínum eigin þjáningum eða annarra en oftast en ekki eru þær á þá leið að um er að ræða eldra fólk sem finnur fyrir óþægindum áður en illviðri eða kuldi lætur á sér kræla, stundum á undan votviðri og aðrir töldu að slík næmni væri fyrst og fremst fyrir norðanáttum (ÞP 7997, V-Hún.; ÞP 8321, Borg.; ÞP 3937, Snæf.; ÞP 5394, Kjós.; ÞP 5355, V-Ísafj.). Sumir segja að verst sé þegar gigtin fer í mjöðm, læri og bak (ÞP 5556, Borg./Mýr.) en einnig kemur fram að það er ekki einungis gigtin sem magnast upp á undan veðrabreytingum heldur magnast upp ýmsar aðrar kvalir og kenndir, svo sem tannpína, drungi og leti (ÞP 3947 S-Þing.; ÞP 3807, Borg.; ÞP 3999, Eyj.). Einn maður sagðist aldrei hafa fundið fyrir verkjum af þessu tagi en hins vegar notaði hann konu sína sem viðmið, því að í austanátt og miklum raka var hún áberandi slæm auk þess sem hann gat séð það á tiltekinni stöðu á barómetri sínu hvenær henni leið hvað verst (ÞP 5308, S-Múl.). Af þessu má sjá að margir hafa kynnst einhvers konar breytingum á líkama sínum sem þeir tengdu meðal annars við veðrabreytingar. Slíkt er enn í umræðunni í dag. Hómópatar veita til að mynda gigtarsjúklingum sínum remedíuna „dulcamara“ ef gigt versnar við það að veðrið verður kalt og rakt (Guðný Ósk Diðriksdóttir, e.d.). Þannig lifir þessi þekking ágætu lífi í einhverri mynd.

En það er eitt að finna á sér breytingar á veðurfari og annað að geta séð þær fyrir í umhverfinu. Í raun virðist þetta vera sitt hvor hæfileikinn sem reynir á ólíka hæfni mannsins og ekki víst að sá sem finnur fyrir veðrabreytingum geti séð þær með eigin augum.

Eftirtekt og reynsla

Þessi hluti veðurþekkingar var mjög mikilvægur þar sem nauðsynlegt var fyrir fólk að geta lesið í umhverfið og greint í sundur ólík teikn á lofti, láði eða legi. Eftirtekt, beiting skynfæranna og um leið reynsla er nokkuð sem fólk hefur þroskað með sér. Slíkt hefur gerst misjafnlega og ólíkar aðstæður og áherslur hafa þannig getið af sér mismunandi veðurspáfólk. Sem dæmi um slíkt er rétt að vísa í tvö viðtöl sem tekin voru sumarið 2009 þar sem viðmælendur voru sveitafólk úr sitt hvorri sýslunni og höfðu bæði kynnst öldruðum sjómönnum sem bjuggu á heimilum þeirra í upp-vextinum. Báðir virtust þessir sjómenn hafa litið mikið til hafs og heyrt í brimi langt inn til landsins þegar aðrir heyrðu ekki neitt. Þannig gátu þeir séð hvaða vindáttir voru á næsta leiti (Viðtal 12, Eyj.; Viðtal 10, A-Hún.). Hér má segja að ein heimsmynd hitti fyrir aðra. Sjómenn virðast hafa þroskað með sér aðra hæfileika sem fólust í því að heyra og meta brimhljóð á meðan sveitafólkið hefur ekki alltaf skilið þessa næmni eins vel. Áhugaverð er lýsing ein á formanni frá Hellissandi, en þegar veður var eitt sinn þungbúið þurfti hann að meta aðstæður áður en haldið væri af stað í róður:

Hann hlustar eftir sjávarhljóði veður svo út í sjóinn og stendur þar nokkra stund, kemur svo í land og segir hásetum sínum. „Ég ræ ekki í dag það eru þung og í sjónum“. Þeir sem reru þennan dag náðu fáir heimalendingu. Norðan stórviðri rann fljótlega á (ÞP 7469, Snæf.).

Atvinnuvegur hvers og eins hefur sennilega mikið að segja um hvernig viðkomandi hefur þróað veðurþekkingu sína og það hefur sýnilega fylgt fólki þótt það flytti frá sjávarsíðunni inn til landsins. Einnig ber að hafa það í huga að persónuleg ábyrgð einstaklings fyrir lífum annarra kann að hafa hvatt fólk til að veita umhverfinu athygli og meta veðrabreytingar, til dæmis voru formenn skipa álitnir sérstaklega veðurglökkir (ÞP 3877, V-Ísafj.; Karvel Ögmundsson, 1981). Þó kann það líka vera að veðurglöggt fólk hafi frekar valist í slíkar stöður og þannig leyst verkefni sín farsællega. Formenn litu eftir breytingum á skýjafari, hreyfingum brimsins við ströndina og hlustuðu eftir

veðurhljóðum úr órafjarlægð þar sem þeir lögðu eyru við jarðfasta hluti þar sem leiðni hljóða var oft betri (Karvel Ögmundsson, 1981).

Þegar heimildir eru skoðaðar virðist sem margir hafi verið glöggir á veðurútlit og sú þekking hefur sennilega gengið yfir allfesta en þó ekki jafnt. Eins og sést í dæmunum hér að framan er gjarnan talað um einstaklinga sem báru af og hafa verið gleggri en aðrir við að ráða í veður en slíkt fólk var gjarnan sagt vera „athugult“. Það hefði búið lengi á sama stað og beindi athyglisgáfu sinni að hlutum í umhverfinu sem aðrir skeyttu ekki um. Stundum voru það hugboð og reynsla sem hjálpuðu. Stundum væri það heppni og almennar gáfur spilltu ekki fyrir (ÞP 3894, V-Ísafj.; ÞP 3906, A-Barð.; ÞP 3807, Borg.; ÞP 3856, Dal.; ÞP 3947, S-Þing.). Allir þessir þættir veittu þessu fólki forskot á aðrar en stundum væri talað um að sjómenn og bændur hafi stundað þess háttar störf að þeir kæmst oft í vanda og yrðu þannig að leysa gátuna með því að treysta á sjálfan sig sem kenndi þeim að hugsa og taka eftir (ÞP 3856, Dal.). Eins og áður segir dreifðust þessir hæfileikar ekki jafnt yfir alla, ekki miðað við þær lýsingar þar sem talað er um að vissir einstaklingar hafi verið það glöggir að hægt væri að taka eftir því hvenær þeir færu annað hvort á sjó eða hæfu slátt því þá væri öruggt fyrir aðra að fylgja í kjölfarið veðurfarslega séð (ÞP 8321, Borg.). Einn heimildarmaður úr söfnuninni 2008-2009 virðist vera einstaklega veðurglöggur í sinni heimasveit enda sagði hann frá því hvernig hann náði saman heyi í óþurrkatíð en hann sá að hann þurfti að vera viðbragðsfljótur og fór að slá í „mígandi vestan-rigningu“. Hann vissi sem var að um sérafbrigði af vedri var að ræða sem þýddi að í kjölfarið kæmi þurrkur sem stóð heima (Viðtal 4, Rang.).

En það voru ekki allir sem mátu aðstæður rétt. Sem dæmi um slíkt má nefna að þegar páskabyll gerði árið 1917 urðu víða miklir fjárskadar vegna þess að um morguninn hafði verið besta veður og margir settu út fé. En fóstri eins heimildarmanns Þjóðháttasafns hafði séð þetta fyrir þá um morguninn og ekki látið neina skepnu út, ekki einu sinni hesta. Ekki fylgir sögunni hvað hann hafði fyrir sér (ÞP 3829, Dal.). Hér hefur þessi einstaklingur haft eitthvað fyrir sér sem aðrir sáu ekki eða að hann hefur vitað af þeirri trú að um páska gerði hret og því ekki viljað taka neina áhættu þrátt fyrir að veðurútlit hafi verið gott.

Þeir hæfileikar sem hér hafa verið reifaðir virðast hafa dofnað í seinni tíð hjá þeim atvinnustéttum sem hafa verið undir veðrinu komnar. Ástæðan er vitaskuld sú að á seinni árum hafa vísindastofnanir í veðurfræðum tekið við keflinu og annast spágerð og rannsóknir á veðurfari og miðlað þeim upplýsingum til almennings. Þannig hefur samfélagið ekki þurft að gá til veðurs. Það breytir því ekki að mörgum hefur fundist súrt að sjá á eftir þessum hæfileikum og í svörum Þjóðháttasafns Þjóðminjasafns Íslands frá 1975 segir einn heimildamaður svo frá ástæðum þess að slík þekkingu hefur hopað:

Í fyrsta lagi er það einhverskonar minnimáttarkennd hjá ómenntuðum alþýðumönnum gagnvart Veðurstofnunni, sem hefir vísindalega lærðum mönnum á að skipa. Í öðru lagi virðist allur sá fróðleikur sem fólkið er matað á af lærðum veðurfræðingum slæva athyglina fyrir að taka eftir ýmsum fyrirbrigðum í náttúrunni sem geta gefið upplýsingar um veðurfar. Í þriðja lagi finnst mér nú á dögum að ýmislegt sem fyrri tíma menn byggðu veðurspár sínar, á t.d. draumar og hegðum dýra og jafnvel fugla sé nú metið sem hjátrú og hindurvítni, en er þó nú sem fyrr veigamikill upplýsingagjafi um þessa hluti ef því er veitt athygli. En raunvísindi nútímans dæma þessa hluti úr leik en telja að flestir hlutir í þessu sambandi verði að byggjast á vísindalegum skólalærdómi. Enginn má skilja orð mín svo að ég sé að reka hornin í vísindi og skólalærdóm. En ég held því hinsvegar fram að sjálfsnám sem byggt er á athyglisgáfu og reynslu séu jafngóð vísindi, eins og það sem læra má af bókum (ÞP 3832, A-Hún.).

Segja má að undirliggjandi sé sú skoðun að veðurvísindi kynslóðanna standi jafnfætis þeirri sem vísindamenn hafa þróað og að athyglisgáfa og reynsla séu hæfileikar sem ekki megi vanmeta. Í samtímanum má enn finna dæmi um þessar skoðanir, bæði hvað varðar það hvernig staðbundnar spár sem byggja á eftirtekt hvers og eins á hverjum stað eru álitnar óbrigðull heldur en spá vísindamanna en einnig viðhorf þar sem menn undrast yfir því að veðurspár í fjölmiðlum eru ekki betri en svo (Viðtal 5, Skag.). Enn er það til umræðu að slíkir veðurspámennt sem gá til veðurs á hverjum stað séu að hverfa enda sé Veðurstofa Íslands sífellt að batna og traust fólks á spá hennar fer vaxandi (Viðtal 4, Rang.).

Á öllu þess má sjá hvernig manneskjan hefur í raun „tengt“ sig við náttúruna til þess að freista þess að skilja hegðun hennar og framgang, ekki ólíkt því og þegar við tengjum okkur við tölvu og leitum á „Google“ að upplýsingum til dæmis um veður, vegafraamkvæmdir eða „vuvuzela“! En líkt og athuganir okkar kunna að skila tiltekinni niðurstöðu, festist hún í minni og situr eftir þrátt fyrir að búið sé að slökkva á tölvunni og getur þannig gagnast aftur þegar réttar aðstæður skapast. Hið sama má segja með veðurþekkinguna en minnið hefur skipt miklu máli og að hægt væri að rifja upp vitneskjuna þegar sambærilegar veðurfarslegar aðstæður kæmu upp. Margir tala um minni sem mikilvægan þátt í því að geta metið aðstæður og þannig rifjað upp eldri spár þegar þeir sáu endurtekningar í veðurfarinu (ÞP 5458, Eyj./Skag.; ÞP 3821, V-Barð.; ÞP 3856, Dal.). Reyndar er það svo að sumir vilja meina að það sé „höfuðskilyrði“ að leggja á minnið þau atriði sem fara úrskeiðis í spánum til þess að hægt sé að bæta spána (Viðtal 4, Rang.). Þannig er það mikilvægur hluti af þessu ferli að muna eftir mistökunum við spágerðina, reyna að læra af þeim og halda þannig áfram að þróa vísindin í takt við samtíma hvers og eins, jafnvel í takt við hverskonar breytingar á loftslagi sem kunna að verða og hafa orðið og breytt aðstæðum og jafnframt lífi kynslóðanna.

Gamla þekkingin hefur verið fljót að tapast niður með tilkomu Veðurstofu Íslands og vísindalegum rannsóknum á veðurfari og miðlun veðurspáa. Á stríðsárunum mátti til að mynda ekki flytja veðurspár í útvarpi og þá rifjuðu margir upp gömlu þekkinguna sem þá var strax farin að hverfa (Viðtal 12, Eyj.). Hið sama segir bóndi í Rangárvallasýslu en þá segir hann að hafi orðið vendipunktur þegar fólkið neyddist til að nota gamlar veðurspár (Viðtal 4, Rang.). Í þessu tilviki er það í raun tæknin og hraði nútímans sem hefur orðið að lúta í gras fyrir hinni tímalaus þekkingu.

Í samtímanum minnst margir á það að með veðurspám í fjölmiðlum hafi tilfinningin fyrir náttúrunni daprast og í staðinn fyrir að horfa á skýin er horft niður í grasrótina eða að fólk taki meira mark á því sem það heyrir og síður því sem það sér og þannig hafi manneskjan orðið sjálf eins og „vélagarmur“ sem gengur bara áfram og sé í staðinn orðin tengd allri „væðingu“ (Viðtal 10, A-Hún; Viðtal 8, Borg.; Viðtal 12, Eyj.). Þetta sýnir okkur að fólk er hætt að nota hin ólíku skynfæri eins og tíundað er hér að framan en um leið hvernig ábyrgðin hefur færst af herðum einstaklinganna til vísindanna. Sú tilfærsla virðist skilja eftir sig einhvers konar tómi, sérstaklega hjá þeim sem kynntust hinum gömlu vísindum af eigin raun. Ástæðan fyrir þessu tómi og eftirsjá er kannski ekki sú sama og Halldór Guðmundsson talar um í upphafi kaflans, þ.e. að fólk treysti spánum of mikið. Traust almennings til veðurspáa vísindafólks hefur vissulega batnað til muna á síðustu árum (s.s. Viðtal 4, Rang.; Viðtal 8, Borg.; Viðtal 7, Borg./Strand.).

Í dag eru æ færri sem gá til veðurs, og í rauninni eru æ færri sem telja sig þurfa á veðurspám að halda. En það breytir því ekki, að alþýðlegar veðurspár eru enn til staðar, hvort sem það er í minni fólks eða á prenti, og eru enn nothæfar á hverjum stað fyrir sig, til að mynda staðbundnar veðurspár sem virka vel í samanburði við þær sem berast frá rannsóknarstofnunum í veðurfræði.

Segja má að sjálfsbjargarviðleitni kynslóðanna endurspeglar í þessu efni, hvernig umhverfið var rannsakað og grandskoðað með það fyrir augum að vera viðbúin

breytingum og geta komið í veg fyrir að þær hefðu öfgakennd áhrif á hversdagsleikann. Ef eitthvað færist frá því sem er eðlilegt ástand: Ef manneskjur hegða sér undarlega á sjó, ef gigtarsjúklingar bera sig illa, ef kunnuglegar veðurfarslegar aðstæður vekja upp spurningar, og ef skýjafar gefur tilefni til breytinga, þá leitast manneskjan við að svara kallinu.

Í framtíðinni mun manneskjan halda áfram að glíma við blíð eða óblíð náttúruöflin. Og manneskjan heldur áfram búa á þessu landi, ferðast um það og læra að meta töfra þess og öfga. Þó svo að alþýðlegar veðurspár séu kannski barn síns tíma, þá er mikilvægt að safna slíkum heimildum saman því þær sýna viðleitni manneskjunnar til að lifa af á landinu, þær eru hluti af landslaginu og afsprengi kynslóðanna sem hér þraukuðu.

Heimildir

- Björn L. Jónsson. (1959). Ert þú veðurnæmur? *Veðrið. Tímarit handa alþýðu*, 4(1), 7-10.
- Guðný Ósk Diðriksdóttir. (e.d). *Gígt, hvað er hægt að gera?* Sótt 21. ágúst 2010 af <http://www.homopatar.is/page11/page44/page44.html>
- Halldór Guðmundsson. (1968). Veðurdraumar. *Veðrið. Tímarit handa alþýðu*, 13(2), 65-66.
- Jónas Jónasson frá Hrafnagili. (1961). *Íslenzkir þjóðhættir*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja. (Einar Ól. Sveinsson bjó undir prentun).
- Karvel Ögmundsson. (1981). *Sjómannsævi: Endurminningar*. (1. Bindi). Reykjavík: Örn og Örlygur.
- Wilder, F. V., Hall, B. J. og Barrett, J. P. (2003). Osteoarthritis pain and weather. *Rheumatology*, 42(8), 955-958.
- Miranda L. C., Parente, M., Silva, C., Clemente-Coelho, P., Santos, H., Cortes, S. o.fl. (2007). A percepcao da dor e alteracoes climatericas em doentes reumatico [Perceived pain and weather changes in rheumatic patients]. *Acta reumatológica portuguesa*, 32(4), 351-361.

Svör frá þjóðháttasafni Þjóðminjasafns Íslands, við spurningaskrá 32: Veður og veðurspár:

ÞÞ 3807, ÞÞ 3821, ÞÞ 3823, ÞÞ 3829, ÞÞ 3832, ÞÞ 3856, ÞÞ 3877, ÞÞ 3894, ÞÞ 3906, ÞÞ 3937, ÞÞ 3947, ÞÞ 3999, ÞÞ 5308, ÞÞ 5355, ÞÞ 5394, ÞÞ 5458, ÞÞ 5556, ÞÞ 7450, ÞÞ 7469, ÞÞ 7997, ÞÞ 8321.

Viðtöl Eiríks Valdimarssonar 2008-2009:

Viðtal 4: kk, Rang. f. 1933; Viðtal 5: kk, Skag. f. 1931; Viðtal 7: kk, Borg. / Strand. f. 1924; Viðtal 8: kk, Borg. f. 1939; Viðtal 10: kk, A-Hún. f. 1932; Viðtal 13: kk, Eyjafj. f. 1945.